

Mál nr. 114/2018**M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar A****Innkaupakerrur fuku á bifreið á bílastæði verslunar þann 25.2.2018.****Gögn.**

Málskot M móttakið þann 9.4.2018, ásamt fylgiskjölum 1-5.
Bréf V, dags. 18.4.2018, ásamt fylgiskjölum 1-6.

Málsatvik.

M lýsir atvikum með þeim hætti að hann hafi komið að versluninni um kl. 17:30 og að hann hafi lagt bifreiðinni og verið að sækja sér fjölnota poka í skott bifreiðarinnar þegar tvær raðir af kerrum fuku til og skullu utan í hægri hlið bifreiðarinnar með þeim afleiðingum að tjón hlaust af. Heldur M því fram að kerruskýli á bílastæðinu hafi verið orðið yfirfullt og kerrurnar hafi fokið úr kerruskýlinu. Hefur M gert kröfu í frjálsa ábyrgðartryggingu A á þeim grundvelli að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu. Byggir M m.a. á því að kerruskýlin hafi verið ófullnægjandi þar sem þau hafi ekki haldið kerrunum á sínum stað. Þá telur M að A hafi vanrækt að taka saman lausar kerrur. V hafnar bótaskyldu með vísan til þess að tjónið verði ekki rakið til mistaka, vanbúnaðar eða vanrækslu starfsmanna verslunarinnar. Þá vísar V til þess að verslunareigandi geti ekki borið skaðabótaábyrgð á því að viðskiptavinir verslunarinnar skilji innkaupakerrur eftir með óforsvaranlegum hætti. Að auki vísar V til þess að A hafi að jafnaði 5 starfsmenn í vinnu við að taka saman lausar kerrur.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að frágangur og umbúnaður verslunarinnar A vegna varðveislu og skila á innkaupakerrum sé með þeim hætti sem almennt er krafist af verslunareigendum. Ekki hefur verið sýnt fram á að tjón M megi rekja til atriða sem verslunareigandi eða starfsfólk hans bera ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 22. maí 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.